

Fundargerð

19. fundur umhverfis-skipulags- og bygginganefndar.

Mánudaginn 15. sept. kom USB saman til fundar að Fjarðarvegi 3, Þórshöfn.

Mætt: Vífill Þorfinnsson, Áki Guðmundsson, Sigurður J. Jónsson, Steinn Karlsson og Jóhanna Helgadóttir.
Einnigi sat fundinn Björn Ingimarsson, sveitarstjóri.

Fundur hófst kl. 12.00.

Dagskrá.

2. Mál. Skipulagsstofnun – Deiluskipulag fyrir einstakar lóðir.

Afgreitt af hreppsnefnd 01.09.08 til nefndarinnar til kynningar.

2. Mál. Íshröngl.

Hugleiðingar um meðferð á brennanlegum úrgangi á Austurlandi (afgreitt af hreppsnefnd 01.09.08. til nefndarinnar til kynningar). Samþykkt að óska eftir því að fá upplýsingar um framgang verkefnisins og möguleika á áheyrnarfulltrúa á kynningarfundum.

3. Mál. Flugstoðir ehf.

Tímabundið stöðuleyfi fyrir rafstöð á Þórshafnarflugvelli (vísað til nefndarinnar af hreppsnefnd 01.09.08). Samþykkt samhljóða á símafundi USB 27.08.08. Tillaga nefndarinnar að leyfið verði veitt til ársloka 2009.

4. Mál. Drekasvæði ehf

Beiðni um vilyrði fyrir lóð. Nefndin er jákvæð fyrir hugmyndunum en þær þurfa að vinnast frekar í hafnarnefnd og hreppsnefnd.

5. Mál. Önnur mál.

Til kynningar:

- Aukin endurvinnsla úrgangs – Tillögur að útfærslu, frá Environice.

Til afgreiðslu:

- Umsókn frá Jóni Rúnari Jónssyni. Óskar eftir leyfi til að skipta um þakjárn og að framlengja þak yfir bílskúr á Fjarðarvegi 9. Teikningar og áritun trésmíðameistara hafa verið sendar byggingafulltrúa. Samþykkt samhljóða á símafundi USB 27. ágúst 08.

- Umhirða fasteigna og lóða í sveitarfélaginu. Nefndin samþykkir að senda eigendum fasteigna tilmæli um góða umhirðu eigna sinna og jafnframt að leita upplýsinga um lagalegar heimildir til framkvæmda.

Fram kom á fundinum að komnir eru olútankar inn í íbúðabyggð á Bakkafirði og því beint til sveitarstjóra að kannað verði hvort heimildir séu fyrir viðkomandi tönkum, sé svo ekki verði þeir jarlægðir.

Samþykkt að taka saman upplýsingar vegna endurbóta á íbúðar og atvinnuhúsnæði með það að augnamiði að birta viðkomandi lista á heimasíðu og í fréttabréfi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13.40.

Jóhanna Helgadóttir, ritari.